

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Ester, drottningin fagra



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest
Aðlagð af: Ruth Klassen
Alastair Paterson
Þýðandi: Þráinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org


BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2020 Bible for Children, Inc.


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.

1

Þessi saga er um unga, fallega stúlku sem hét Ester.
Eftir að foreldrar hennar dóu, tók frændi hennar
Mordekaí hana sér í dóttur stað. Ester reyndist
frænda sínum hlýðin og góð dóttir.



2



Ester, sem var af Gyðingum komin, átti heima í Persíu. Forfeður hennar höfðu komið til Persíu sem stríðsfangar. Á hennar tímum bjó fjöldi Gyðinga í Persíu.

3

Persakonungur hélt mikla veislu fyrir tignarmenn víða að úr heiminum. Mennirnir,

ásamt konungi, snæddu sér í lagi frá konunum,



á meðan þær sátu til borðs í sér veislu með Vastí drottningu. Konungur, sem orðin var drukkinn, krafðist þess af drottningu að setja upp kórónuna, og sýna gestum fegurð sína. Vastí drottning neitaði.

4

Til að undirstrika að konur ættu að sýna eiginmönnum sínum virðingu, lögleiddi konungur að kórónan skyldi tekin af Vastí. Nú var hún ekki lengur drottning.



5


Hafin var leit að nýrri drottningu. Af öllum fegurstu stúlkunum í konungsríkinu, kaus konungur sér Ester fyrir konu. Hann lét setja hina konunglegu kórónu á höfuð hennar og krýndi hana. Ester, samkvæmt fyrirætlum frænda síns, hélt því leyndu fyrir konungi að hún væri af gyðingaættum.



6


Dag nokkurn, er Mordekaí frændi var að hlera um Ester við hallarhliðið,

heyrði hann á tal tveggja hirðmanna er ráðguðust um að myrða konung. Mordekaí kom skilaboðum áleiðis til að bjarga lífi konungs. Hirðmennirnir voru hengdir, og nafn Mordekaí var skráð í annálabók konungs.



7

Valdamesti maðurinn við hirðina, næstur konungi, var maður að nafni Haman. Hann var vel efnum búinn og litu allir upp til hans. Það er að segja, allir nema gyðingurinn Mordekaí, sem tilbað aðeins almáttugan Guð.



8

Haman hataði Mordekaí svo mikið, að hann ákvað að drepa hann og alla gyðinga í Persíu. Haman tókst með brögðum að ginna konung til að setja ný lög sem sögðu að innan ákveðins tíma, skyldu allir gyðingar í konungsveldinu drepnir.




9

Þessi hræðilegu lög ollu bæði Gyðingum og Persum miklum áhyggjum. En ekki má gleyma því að það var Guð sem kom því til leiðar að gyðingastúlkan Ester varð krýnd drottning. Skyldi hún halda leyndarmáli sínu frá konungi? Eða,skyldi hún setja sig í lífshættu fyrir fólk sitt?




10

Guð gaf Ester klára hugmynd. Hún ákvað að halda sérlega veislu fyrir konung og Haman. Hún gekk síðan á fund konungs til að bjóða honum og Haman til veislunnar. Þar hét konungur því að gefa henni hvað sem hún vildi. Ester svaraði, "Þess vænti ég að konungur og Haman komi í veislu mína á morgun" og þar mundi hún láta konung vita hvers hún mundi óska sér.



11

Í millitíðinni var Haman að byggja gríðarstórann gálga til að hengja Mordekaí.



12

Konungur svaf lítið þá nótt, og lét sækja og lesa fyrir sig annálabókina. Kom þá í ljós að Mordekaí hafði ekki hlotið neina sæmd fyrir að bjarga lífi konungs. Að morgni spurði konungur Haman, "Hvað á að gera fyrir manninn sem konungur vill heiðra?"

Haman, frá sér numinn, hélt að hann ætti við sig.



13

Haman hafði komið til að fá leyfi konungs til að hengja Mordekaí. Gálginn var tilbúinn, en nú mátti það bíða. Spenntur, Haman svaraði konungi, "Klæða hann í konunglegan skrúða og setja á hann kórónu."




14




15




16




17



18



19



19

Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur, og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífdar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inni líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum deg!